

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2019 (92. fundur)
SVa/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 11.10.2019 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Eiríkur Bjarnason og Jón B. Guðnason boðuðu forföll.

1. Svæðisskipulag Suðurnesja.

Guðmundur Björnsson sagði frá fundi í svæðisskipulagi Suðurnesja. Reykjanesbær hafði sent erindi til nefndarinnar um að kanna áhrif flugvallar í Hvassahrauni á Suðurnesjum. Eyjólfur Árni Rafnsson sem leiðir nefnd um málefni mögulegs Hvassahraunsflugvallar sagði frá vinnu nefndarinnar á fundi svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja. Guðmundur kynnti það sem fram kom á fundinum.

2. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Guðmundur sagði frá því að unnið væri að málinu í ráðuneytinu en umsagnarfrestur rann út fyrir um 4 vikum.

3. Erindi Isavia vegna aðkomu að Háaleitishlaði 10

Skipulagsfulltrúi kynnti erindi Isavia vegna aðkomu að biðsvæði hjálparliðs að Háaleitishlaði 10. Reykjanesbær hefur samþykkt breytingu á innkeyrslu á lóð.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir breytingu á innkeyrslu að Háaleitishlaði 10.

4. Önnur mál

Skipulagsfulltrúi greindi frá því að hann hefði svarað erindi Skipulagsstofnunar um áform varðandi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar vegna aðkomu Skipulagssjóðs. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna aðalskipulags á liðandi ári en hugsanlega á árinu 2020.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 29. nóvember 2019 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx